

Nd.

75. Frumvarp

til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að leggja gjald á kvikmyndasýningar og aðrar opinberar myndasýningar, aðrar en málverka- eða teiknisýningar.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson og Þorsteinn Jónsson.

1. gr.

Bæjarstjórnnum og sveitarstjórnnum er heimilt að krefjast gjalds í bæjar-sjóð eða sveitarsjóð af kvikmyndasýningum og öðrum opinberum myndasýningum, sem fram fara í umdæmi þeirra, öðrum en málverka- eða teiknisýningum.

Gjaldið skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn eða sveitarstjórn semur og stjórnarráðið staðfestir, og má í reglugerðinni ákveða, að sýningar, sem haldnar verða í góðgerðaskyni, skuli undanþegnar gjaldskyldu, ef trygging er fyrir, að tilganginum sje fullnægt.

2. gr.

Gjaldið má vera mishátt fyrir mismunandi sýningar, en aldrei meira en 20% — tuttugu af hundraði — af öllum tekjum, áður en kostnaður er dreginn frá.

3. gr.

Í reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt 1. gr., skal kveða á um innheimtu gjaldsins.

4. gr.

Brot gegn reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum, alt að 1000 krónum, og skal fara með mál, er risa út af þeim, sem opinber lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1918.

Greinargerð.

Á nokkrum stöðum hjer á landi eru starfrækt kvikmyndahús, og má búast við, að þeim fjölgi eftir því, sem fólki fjölgar í bæjum og kaupúnum.

Ekkert er eðlilegra en að þessar stofnanir greiði nokkurt gjald til viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóðs.

Vel má vera, að kvikmyndahúsin greiði nú eitthvert gjald til sveitar- eða bæjarsjóðs, en víðast hvar mun það vera alt of lágt, og óvíst um, að viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórn hafi vald, án lagaheimildar, til að hækka gjald þetta.

Frumvarp þetta er flutt með vitund og vilja bæjarstjórnar Reykjavíkur.